

til að greiða hina umkröfðu fjárhæð, sem ekki hefur verið véfengt að sé samkvæmt löglegri gjaldskrá stefnanda, og með vöxtum, eins og krafizt hefur verið, þar eð greiðsla hefur ekki verið boðin fram.

Af því, sem rakið er um efni samnings milli stjórnenda hins stefnda félags og leigusala þess, þykir ekki hjá því komizt að refsa þeim, hverjum fyrir sig, samkvæmt ákvæðum 19. gr. laga nr. 13 frá 1905, og þykir refsing hvers einstaks stjórnanda hæfilega ákveðin 150 króna sekt í rikissjóð, og komi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd, áður en aðfararfrestur í máli þessu er liðinn, tveggja daga varðhald.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að hið stefnda félag og stefndu persónulega greiði stefnanda kr. 750.00 í málskostnað, og er þá tekið tillit til fyrri þáttar málsins.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna, en dómsuppsaga hefur dregizt nokkuð vegna mikilla anna við embættið.

Dómsorð:

Stefndu, stjórnendur Gamla Bíós h/f, Hafliði Halldórsson, Kristín Hafliðadóttir, Anna Pálsdóttir og Hilmar Garðars f. h. félagsins, greiði stefnanda, Jóni Leifs, framkvæmdarstjóra Stefs, Sambands tónskálda og eigenda flutningsréttar, f. h. The Performing Right Society Ltd. vegna Cedric Thorpe Davie's, kr. 125.97 með 6% árs-vöxtum frá 11. desember 1950 til greiðsludags.

Áður nefndir stjórnendur Gamla Bíós h/f greiði persónulega hver fyrir sig 150 króna sekt í rikissjóð, og komi tveggja daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd, áður en aðfararfrestur í máli þessu er liðinn.

Þá greiði stefndu, stjórnendur Gamla Bíós h/f fyrir félagsins hönd og persónulega, stefnanda kr. 750.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 20. október 1952.

Nr. 148/1951. **Ákærvaldið** (Guttormur Erlendsson)

gegn

Guðlaugi Bjarna Guðmundssyni

(Theódór B. Líndal).

Bifreiðaslys. Manndráp af gáleysi. Líkamsáverkar.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Steingrímsson, sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðar-sýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Svo sem greinir í héraðsdómi, er beygja á þjóðveginum í Mosfellssveit, þar sem árekstur sá varð, sem mál þetta er risið af. Liggur þjóðvegurinn þar fyrir hæðadrög, sem hindra fulla útsýn fram á veginn. Þegar ákærði nálgadist beygju þessa, ók hann hratt að vætti margra vitna, en „frekar greitt“ að eigin sögn. Bar honum því að draga mjög úr hraða bifreiðarinnar, þegar að beygjunni kom, og gæta fyllstu varkárni, miðað við allar aðstæður, einkum er hann sá bifreiðina R 4470 koma á móti sér á veginum. Þetta gerði ákærði ekki, heldur ók hann áfram á óbreyttum hraða og sem næst á miðjum vegi. Hann kveðst, er aðeins 10—20 metrar hafi verið á milli bifreiðanna, hafa reynt að beygja til vinstri, en tókst það ekki. Lenti bifreið hans á mikilli ferð á bifreiðinni R 4470, sem þá hafði því sem næst numið staðar úti á vinstri vegarbrún. Við áreksturinn slasaðist einn maður svo, að hann andaðist tæpum þremur sólarhringum síðar. Ellefu menn hlutu meiðsl, sumir mikil lemstur. Bifreiðarnar skemmdust stórkostlega.

Meginorsök þessa slyss verður að rekja til hins ógætilega aksturs ákærða, sem nú hefur verið lýst. Hins vegar verður einnig að leggja til grundvallar dómi í málinu frásögn ákærða um, að einhver bilun muni hafa orðið á stýrisbúnaði M 88, þannig að hún hafi ekki látið að stjórn, er ákærði ætlaði að beygja til vinstri, og að það hafi átt nokkurn þátt í slysinu.

Með því atferli, sem að framan er lýst, hefur ákærði gerzt sekur við þau lagaboð, sem talin eru í héraðsdómi, svo og við 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. laga nr. 24/1941, 5. mgr. 26. gr. laga nr. 23/1941 og 219. gr. laga nr. 19/1940. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin í héraðsdómi varðhald 3 mánuði, en rétt þykir, að hann sé ævilangt sviptur rétti til að aka bifreið.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00 til hvors.

Meðferð máls þessa hefur dregizt mjög á langinn. Að lokinni rannsókn í Reykjavík var það sent sýslumanninum í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 5. janúar 1950, en eigi sést, að hann hafi hafzt

neitt að í málinu fyrr en leið að lokum nóvembermánaðar sama árs, að fengið var sakavottorð ákærða. Stefna var síðan gefin út 12. desember s. á. og dómþing háð 14. s. m., en engra nýrra gagna var aflað. Verður að víta þenna mikla drátt á málinu.

Dómsorð:

Ákærði, Guðlaugur Bjarni Guðmundsson, sæti varðhaldi 3 mánuði. Hann skal ævilangt sviptur leyfi til að aka bifreið.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Guttorms Erlendssonar og Theódórs B. Línalds, kr. 1200.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 19. marz 1951.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Guðlaugi B. Guðmundssyni bifreiðarstjóra, til heimilis í Borgarnesi, fyrir brot gegn 23. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940, bifreiðalögum nr. 23 frá 1941 og umferðarlögum nr. 24 frá 1941.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 14/7 1925, og hefur eigi, svo kunnugt sé, áður sætt ákæru eða refsingu fyrir brot gegn hegningarlögum né öðrum lögum.

Hinn 28. júní 1949, kl. 8 f. h., varð umferðarslys á þjóðveginum móts við býlið Hulduhóla nálægt Lágafelli í Mosfellssveit. Rakst vöruflutningabifreiðin M 88, er var á leið frá Borgarnesi til Reykjavíkur, á vöruflutningabifreiðina R 4470, er var á leið frá Reykjavík að Reykjum í Mosfellssveit. Við áreksturinn slösuðust menn þeir, er í bifreiðunum voru, sem hér segir:

Guðm. S. Guðmundsson, bifreiðarstjóri á R 4470. Meiddist á brjósti, andliti og læri.

Sig. Guðmundsson, farþegi í R 4470. Mjaðmagrind brotnaði og rif.

Ólafur Ólafsson, farþegi í R 4470. Mjaðmagrind brotnaði.

Sverrir Bjarnason, farþegi í R 4470. Meiddist á handlegg.

Jón Jónsson, farþegi í R 4470. Meiddist á handlegg og í andliti.

Guðjón Þorbergsson, farþegi í R 4470. Meiddist á læri, rifbrotnaði.
 Þorsteinn Magnússon, farþegi í R 4470. Meiddist á fótlegg, rifbrotnaði.
 Sigurður Jónsson, farþegi í R 4470. Meiddist á læri og í baki.
 Baldur Jónsson, farþegi í R 4470. Meiddist á höfði og fingrum.
 Guðl. B. Guðmundsson, bifreiðarstjóri á M 88. Meiddist á enni.
 Njáll Ingjaldsson, farþegi í M 88. Meiddist á höfði og hné.

Hlöðver Örn Bjarnason, farþegi í M 88. Mjaðmagrind brotnaði. Fót- og handleggsbrotnaði. Andaðist á Landspítalanum daginn eftir slysið.

Ákærði, sem var í þjónustu Verzlunarfélagsins Borgar h/f í Borgarnesi og ók bifreiðinni M 88 fyrir það, kveðst hafa fengið fyrirmæli um að fara til Reykjavíkur 28/6 1949. Fór hann úr Borgarnesi kl. 4.15 um morguninn og tók tvo farþega í bifreiðina, þá Hlöðver Örn Bjarnason og Njáll Ingjaldsson, báða frá Reykjavík. Farmur var eigi á bifreiðinni, aðeins nokkrir kassar á pallinum, en í Reykjavík átti hann að taka farm á bifreiðina. Farþegarnir sátu báðir í framsæti bifreiðarinnar, Njáll við hlið ákærða, en Hlöðver út við dyrnar. Segir ákærði, að ferðin hafi gengið vel fyrir Hvalfjörð og hann eigi orðið annars var en að bifreiðin, er skoðuð hafði verið af bifreiðæftirlitinu í Vesturlandsumdæmi 9/5 1949, væri í fyllsta lagi. Er bifreiðin kom á beygju á þjóðveginum rétt á móts við býlið Hulduhóla norðan við Lágafell kl. um 8 um morguninn, kveðst ákærði hafa ekið á 45—50 km hraða, miðað við klukkustund, og hafi bifreiðin þá verið á miðjum veginum, þó frekar vinstra megin við miðju hans. Sá hann þá, að bifreið með húsi á palli kom á móti honum. Er bilið milli bifreiðanna var 10—20 metrar, kveðst hann hafa ætlað að sveigja bifreið sína yfir á vinstri vegarhelming, en þá orðið þess var, að stýrið sat fast og að hann gat eigi hreyft það. Reyndi hann, er eigi hafði hemlað bifreiðina eða breytt um ganghraðastig hennar, er hann kom í beygjuna, að hemla bifreiðina til að afstýra árekstri, en þá var það um seinan, því bifreið sú, er hann ók, rakst í því á bifreið þá, er á móti kom, þannig að hægri fram Bretti hennar rakst á hægri framhluta hinnar bifreiðarinnar. Stórskemmdust báðar bifreiðarnar, og jafnframt slösuðust meira og minna allir þeir menn, er í bifreiðunum voru.

Njáll Ingjaldsson, er sat í framsæti bifreiðarinnar M 88 hjá bifreiðarstjóranum, hefur gefið þá skýrslu, að ferðin fyrir Hvalfjörð um morguninn hafi gengið vel. Telur hann, að bifreiðinni hafi verið ekið á eðlilegum hraða, og segir, að sér hafi virzt bifreiðarstjórinn aka örugglega og bifreiðin vera í fullkomnu lagi. Er komið var í beygjuna hjá Hulduhólum, kveðst hann hafa komið auga á bifreið þá, er á móti kom, en þó eigi veitt henni sérstaka athygli, fyrr en hann sá, að bifreið sú, er hann var í, stefndi þvert yfir veginn og á hana. Hann kveðst hafa séð í þessu, að bifreiðarstjórinn á M 88 hélt báðum höndum um stýrið, en það hreyfðist ekki, og jafnframt heyrði hann, að bifreiðarstjórinn gaf frá sér hljóð, er hann skyldi svo, að hann sæi fram á árekstur milli bifreiðanna, en gæti eigi afstýrt honum.

Guðmundur S. Guðmundsson, er ók bifreiðinni R 4470, skýrir svo frá,

að hann hafi farið frá Reykjavík kl. 7.20 um morguninn. Flutti hann verkamenn, er unnu hjá Hitaveitu Reykjavíkur, upp að Reykjum í Mosfellssveit. Var flokkstjórinn Jón Jónsson í framsæti bifreiðarinnar hjá honum, en átta verkamenn voru í húsi á palli bifreiðarinnar. Kveðst hann hafa keyrt gætilega og aldrei á meira en 50 km hraða, miðað við klukkustund. Er hann kom að beygjuni á þjóðveginum móts við Hulduhóla, sá hann til ferða bifreiðarinnar M 88, er kom á móti honum, og sá hann fyrst á stýrishús bifreiðarinnar. Hann telur, að bifreiðinni M 88 hafi verið ekið mjög hratt og hér um bil á miðjum veginum. Kveðst hann þegar hafa beygt út á vinstri vegarkant, svo langt sem honum var auðið, og út yfir malarhrygginn, er var vinstra megin á veginum. Jafnframt kveðst hann hafa hemlað með fótthemli og handhemli og telur, að bifreið sín hafi verið stöðvuð, er áreksturinn varð. Bifreiðin M 88 beygði eigi út á vinstri vegarhelming, er hún nálgast bifreiðina R 4470, heldur rann hún stjórnlaust beint áfram, og lenti hægri framhluti hennar í hægri hluta framstuðarans á R 4470, en síðan rann hún aftur með þeirri bifreið og lenti á hægri afturhjólum hennar.

Jón Jónsson flokkstjóri, er sat í framsæti bifreiðarinnar R 4470, skýrir frá atvikum að bifreiðaárekstrinum mjög á sama hátt og Guðmundur S. Guðmundsson. Enn fremur þeir Valdemar Stefánsson og Jóhann Benediktsson, er voru í bifreiðinni R 1042, er ekið var rétt á eftir bifreiðinni R 4470, er áreksturinn varð.

Telja verður, að árekstur bifreiðanna M 88 og R 4470 hafi orsakast af einhverri bilun, er orðið hafi í stýrisbúnaði M 88 og komið hafi fram í beygjuni á þjóðveginum hjá Hulduhólum.

Enda þótt ekkert það hafi komið fram við rannsókn málsins, er bendi til þess, að ákærða hafi átt að vera það ljóst, að hætta væri á, að stýrisútbúnaður bifreiðar þeirrar, er hann keyrði, kynni að bila skyndilega, verður eigi talið, að akstur hans hafi verið vítalaus. Hann ekur bifreiðinni á beygjuna á þjóðveginum hjá Hulduhólum á allt að 50 km hraða og dregur ekkert úr hraða hennar, er hann fer í beygjuna, hvorki með því að skipta um ganghraðastig né beita hemlum. Þá ekur hann sem næst á miðjum vegi og reynir eigi að sveigja bifreiðina út á vinstri vegarhelming, fyrr en eigi er meira en 10—20 metra bil á milli bifreiðanna, en þá var orðið of seint að hemla til að afstýra árekstri.

Ákærði hefur með atferli sínu gerzt brotlegur við 27. gr., 1. mgr., og 28. gr., 3. mgr., sbr. 38. gr. bifreiðalaganna og 6. gr. sbr. 14. gr. umferðarlaganna og enn fremur, þar sem mannsbani hlaut af árekstrinum, við 215. gr. almennra hegningarlaga.

Þykir refsing hans með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin 3 mánaða varðhald. Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna þykir verða að svipta ákærða bifreiðarstjóraréttindum í eitt ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hdl. Ágúst Fjeldsteds, kr. 400.00.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Guðlaugur Bjarni Guðmundsson, sæti varðhaldi í 3 mánuði.

Hann skal sviptur rétti til að stjórna bifreið í eitt ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hdl. Ágústus Fjeldsteds, kr. 400.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. október 1952.

Nr. 135/1949. **Einar Þorgilsson & Co. h/f** (Theódór B. Líndal)
gegn

Eigendum v/b Vöggs G.K. 204
og gagnsök (Sveinbjörn Jónsson).

Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. október 1949, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. september s. á. Krefst hann *aðallega* sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjenda, en *til vara* að honum verði aðeins dæmt að greiða gagnáfrýjendum hæfilegar bætur eftir mati dómsins. Þá krefst aðaláfrýjandi og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjenda fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjendur hafa skotið málinu af sinni hálfu til Hæstaréttar með stefnu 9. nóvember 1949, að fengnu áfrýjunarleyfi 4. s. m. Krefjast þeir *aðallega* fébóta úr hendi aðaláfrýjanda kr. 40.710.00 með 6% ársvöxtum frá 26. maí 1948 til greiðsludags, *til vara*, að bætur verði ákveðnar hærri en í héraðsdómi og aðaláfrýjanda þá dæmt að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. *Til þrautavara* krefjast gagnáfrýjendur staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar í Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann með þeirri breytingu, að dæmd fjárhæð hækkar